



Velferðarnefnd Alþingis

Reykjavík, 21. febrúar 2019

Efni: Frumvarp til laga um fæðingar- og foreldraorlof (lenging fæðingarorlofs), 154. mál.

Við er í tölvupóst frá nefndasviði Alþingis, dags. 18. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn umboðsmanns barna um framangreint frumvarp þar sem lagt er til að fæðingarorlof verði lengt úr níu mánuðum í tólf. Gerir frumvarpið ráð fyrir því að foreldrar eigi sjálfstæðan rétt til fimm mánaða fæðingarorlofs og tvo mánuði sameiginlega sem foreldrar geta ráðstafað að vild. Kemur fram í greinargerð með frumvarpinu að umrædd skipting sé í samræmi við tillögur starfshóps um framtíðarstefnu í fæðingarorlofsmálum sem settar voru fram í skýrslu til þáverandi velferðarráðuneytis árið 2016.

Umboðsmaður áréttar mikilvægi þess börn fái góða umönnun á fyrsta æviári þeirra enda er um að ræða tímabil sem hefur mikla þýðingu fyrir velferð þeirra og tillifningalegan og félagslegan þroska. Þá er kveðið á um rétt barna til að njóta umönnunar foreldra í Barnasáttmálanum, samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins. Það er því afar brýnt að tryggja börnum og foreldrum nauðsynleg tækifæri til að mynda og styrkja tengsl en fram kemur í núgildandi lögum um fæðingar- og foreldraorlof, nr. 95/2000, að markmið laganna sé að tryggja barni samvistir við báða foreldra.

Umboðsmaður barna vill jafnframt vekja athygli á því að brýnt er að taka til heildarendurskoðunar lög um fæðingar- og foreldraorlof með hliðsjón af nýjum rannsóknum og upplýsingum um mikilvægi tengslamyndunar enda gerir Barnasáttmálinn kröfu um að börnum sé tryggð sú vernd og umönnun sem velferð þeirra krefst.

Virðingarfyllst,

Salvör Nordal,

umboðsmaður barna